

## Álit

um tillögu til þingsályktunar (275. mál) um stofnun norræna lýðháskóla.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um þingsályktunartillöguna en utanríkisnefnd Alþingis óskaði eftir umsögn nefndarinnar um málið með bréfi, dags. 7. febrúar 2008.

Telur nefndin að efling tengsla og samvinnu sem og öflug miðlun þekkingar og kennslu milli vestnorrænu landanna og við önnur Norðurlönd, sé gott skref til að styrkja stöðu þeirra innan norræns samstarfs. Er nefndin enn fremur sammála því að slíkt markmið náist vel með stofnun lýðháskóla á Vestur-Norðurlöndum og þá með þarfir Íslands, Grænlands og Færeyja í huga. Mundu slíkar stofnanir jafnframt stuðla að auknum áhuga þessara þjóða á tungumálum, sögu og menningu þjóðanna, ásamt umhverfi þeirra og náttúruauðlindum. Auknar rannsóknir á norðlægum svæðum mundi einnig, að mati nefndarinnar, hjálpa þessum þjóðum að auka vægi þeirra á norðlægum svæðum og veita þeim styrkari stöðu í alþjóðlegu og svæðisbundnu samstarfi.

Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt.

Jón Magnússon sat sem áheyrnarfulltrúi á fundi nefndarinnar og er samþykktur álit þessu.

Alþingi, 22. febrúar 2008.  
Sigurður Kári Kristjánsson, form.,  
Guðbjartur Hannesson,  
Huld Aðalbjarnardóttir,  
Steinunn Þóra Árnadóttir,  
Katrín Júlíusdóttir,  
Ragnheiður Ríkharðsdóttir.